

3. nemendaráðsfundur

13. janúar 2025

Mættir: Guðmundur, Aron E. og Huginn Breki og Svava sem starfar með ráðinu.

1. Fundardagskrá – ákveðið að festa fundi annan hvern mánudag héðan í frá.
2. Öðruvísi dagar – Hugmynd að því að hafa dag þar sem kennarar klæða sig eins og nemendur og nemendur klæða sig eins og kennarar.
 - a. janúar – lopapeysudagur á bóndadag (24. janúar). Nemendaráð leggur til að þorri verði boðinn velkominn kl. 9:20 og að allir kk sem vilja hlaupi hringinn í kringum skólann á annarri buxnaskálminni.
 - b. febrúar – sviss dagur, kennarar klæddir eins og nemendur og öfugt (14. febrúar).
 - c. mars – crazy hair day (14. mars)
 - d. apríl – jólapesu/húfu dagur (11. apríl)
 - e. maí – bangsadagur (16. maí)
3. Hugmyndakassinn – áhugi fyrir því að reyna að vinna að því að fara með nemendur í Vök eins og kom fram á síðasta fundi. Nemendaráð vill frekar eyða pening í upplifun heldur en að kaupa eitthvað dót. Þarf að athuga hvað það myndi kosta (Aron ætlar að heyra í Vök til að athuga hvað þetta myndi kosta). Vangaveltur um hvernig væri ódýrast að koma nemendum uppeftir, það væri best ef foreldrar fengjust til að keyra. Síðan þarf að tala við skólastjórann og athuga hvort að þetta sé eitthvað sem kemur til greina að gera.
4. Kennslufræðilegar pælingar – hugmynd að því að byrja stundum kennslustundir á því að gera eitthvað skemmtilegt í tengslum við viðfangsefnið (hljómar eins og kveikja), til dæmis að fara í leiki eða öpp, fjölbreyttar kennsluaðferðir.

Næsti fundur verður á sama tíma þann 27. janúar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:11